

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi hafnarsvæðis Sandgerðisbæjar – norðursvæði.

Bæjarstjórn Sandgerðisbæjar samþykkti 8. maí 2013 breytingu á deiliskipulagi hafnarsvæðis – norðursvæði. Breytingin nær til lóða Hafnargötu nr. 5 og 7. Í breytingunni felst að lóðirnar eru sameinaðar í eina lóð sem verður merkt nr. 3, nýtingarhlutfall lóðarinnar er aukið, byggingarreitur stækkar og gert er ráð fyrir dreifistöð austan lóðarinnar.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Sandgerði, 23. október 2013.

Jón Ben Einarsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 6. nóvember 2013